

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Vinagarður

2019 – 2020



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
.....	4
Leiðarljós leikskólans:	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum	6
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Uglugarðs um starfið á síðasta ári	7
Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir eldri börnin á deildinni:.....	10
.....	10
2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Kópagarðs um starfið á síðasta ári.....	11
2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Grísagarðs um starfið á síðasta ári.....	16
2.4 Stutt greinargerð deildarstjóra Ungagarðs um starfið á síðasta ári	19
3 Ytra mat	22
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	23
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	26
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	27
7 Foreldrasamvinna.....	29
8 Samstarf leik- og grunnskóla	29
9 Skipulagsdagar.....	32
10 Fylgigögn.....	32
10.1 Matsgögn.....	32
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	32

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

Gildi leikskólans Vinagarðs eru: Trú, von og kærleikur.

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Haustið 2018 var sérstakt þar sem viðarmiklar framkvæmdir voru í leikskólanum sem tóku sinn tíma. Stefnan var sett á að skipta um gerefti, gólfduk og laga niðurföll í eldhúsi og þvottahúsi leikskólans í sumarleyfinu og átti að vera lokið í ágúst. Þetta endaði á því að ráðist var í umfangsmiklar endurbætur á eldhúsi Vinagarðs þar sem hækkað rakastig og myglubyrjun kom í ljós þegar gereftin og gólfdukur voru fjarlægð. Öll tæki voru fjarlægð úr eldhúsinu og skipt var um gips í veggjum, sett var nýtt gólf, niðurföllum í gólfi fjölgað og rafmagn í eldhúsi endurnýjað. Veggir og gólf voru klædd með epoxy sem auðvelt er að þrifa og stenst kröfur um hreinlæti. Kælir og frystir voru færðir og viðbótar bökunarofn settur upp. Einnig voru rakaskemmdir á salerni á gangi lagfærðar. Hafist var handa um leið og sumarleyfi hófst og gert var ráð fyrir að ljúka verkinu við upphaf starfsemi eftir verslunarmannahelgi. Verkið tafðist þó umtalsvert og var eldhúsið tekið í notkun að nýju í byrjun nóvember. Á meðan fékk leikskólinn að nýta eldhúsaðstöðu í aðaslstöðvum KFUM og KFUK og fengu eldri börnin að borða hádegismat þar. Þetta var töluverð áskorun fyrir börn, kennara og starfsfólk í eldhúsinu, við getum sagt að þetta hafi verið afbragðs námskeið í þolinmæði og þrautsegu sem við kláruðum með sóma. Mikið er gott að hugsa til þess að ráðist var í þessar framkvæmdir áður en ástandið varð alvarlegra og börn og starfsfólk var farið að finna fyrir einkennum vegna mygluskemmda.

Síðastliðið haust var frekar óvenjuleg staða á Vinagarði þar sem 5 starfsmenn voru í veikindarleyfi og eða í fæðingarorlofi. Erfitt reyndist að manna þær stöður á þann metnaðarfulla hátt sem okkur fannst ásættanlegt og var því gripið til þess úrræðis að hafa aðra 2ja ára deildina lokaða þar til í vor þegar 2 kennarar komu til baka úr fæðingarorlofi.

Gengið hefur vel að vinna eftir starfsáætluninni og er útinám þar í fyrirrúmi. Hefur sú vinna verið fjölbreytt, gefandi og skemmtileg bæði fyrir börnin og starfmennina. Mikill áhugi er meðal starfsmanna á vinnu með málörvunarefnið Lubbi finnur málbein og hafa allir deildarstjórar farið á Lubbanámskeið og stefnt er að því að fleiri starfsmenn sækja það námskeið.

Síðasta haust bættist tónlistarkennari í starfsmannahópinn og hefur hann séð um tónlistarstundir með öllum börnum leikskólans þar sem þau fá tækifæri til að prófa ýmis hljóðfæri og kynnst tónlist víðsvegar að úr heiminum.


Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur og menntun hans endurspeglar það. Í Vinagarði starfa leikskólakennarar, grunnskólakennarar, tónlistarkennari, uppeldis-og menntunarfræðingur, félagsráðgjafi, þjóðfræðingur, umhverfis-og auðlindafræðingur, tölvunarfræðingur, hagfræðingur, heimspækingur og afbragðs leiðbeinendur sem hafa margra ára starfsreynslu. Fjölbreytnin sést einnig í fjölbreyttu þjóðerni starfsmanna en í leikskólanum starfar fólk frá Íslandi, Úkraínu, Litháen, Danmörku og Eþjórú. Þessi hópur skapar auðugt og umfram allt öflugt lærdómssamfélag í Vinagarði.

Það er mikið fagnaðarefni að við höfum tækifæri til að huga betur að námsumhverfi og líðan barna og kennara á leikskólum borgarinnar, hvert svo sem rekstrarformið er. „Fögnum fjölbreytileikanum“
Að lokum vil ég þakka öllum í Vinagarði smáum sem stórum fyrir frábært samstarf síðastliðið ár.

2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Uglugarðs um starfið á síðasta ári

Á Uglugarði höfum við haft lýðræði að leiðarljósi í vinnu með börnunum.

Í þemavinnunni komu börnin með tillögur sem voru skráðar niður. Búnir voru til hópar eftir hugmyndum barnanna og völdu börnin þann hóp sem þau vildu vera í. Sögugerð og sköpun var mikilvægur þáttur í þemavinnunni. Unnið var með ýmsan efnivið og börnin komu með sínar útfærslur á verkefninu.

Við vorum með orð mánaðarins. Þau voru: Vinalegur, hjálplegur, ráðagóður og gjafmildur. Með þessum orðum sköpuðust miklar umræður. Orðin hjálpuðu börnunum að læra hvernig þau geta verið vinalegri hvert við annað og fundið gleðina í að hjálpa hvert öðru t.d við tiltekt. Börnin voru viljugri að hjálpa ef orðið hjálplegur var notað í stað þess að segja „Hver getur tekið saman kubbana?“ Börnin lærðu að leysa deilur með því að vera ráðagóð, þ.e. finna bestu leiðina. Einn drengur sagði við tvo drengi sem voru að rífast um dót: „Strákar getið þið ekki bara verið ráðagóðir?“

Í vinnustundum var lögð áhersla á að byggja ofan á stafainnlögnina á yngri deildum. Eins var áhersla lögð á að tengja saman hljóðin. Notast var við málörvunarefnið Lubbi finnur málbein. Einnig var unnið með þætti sem styrkja hljóð og málvitund barnanna. Rík áhersla var lögð á að auka talnaskilning barnanna. Börnin pöruðu saman tölustafi og magn og unnu með ýms stærðfræðihugtök. Vinnustundirnar voru innandyra aðra vikuna og útinám hina vikuna.

Frjálsi leikurinn fékk einnig mikið vægi í starfinu í vetur.

Í útiveru voru börnin að mestu á svæði fyrir utan leikskólalóðina sem við köllum Stóra skóg en þar geta börnin leikið sér í trjám og í náttúrunni. Útisvæðið hvetur til þess að börnin noti eigið hugmyndaflug og ýtir undir sjálfsprottinn leik.

Börnin á Uglugarði voru spurð um hvað þau hafi lært í vetur:

- um Guð
- að leika og lesa
- verkefni í stærðfræði
- stafina
- að synda (sundnámskeið á vegum leikskólans)
- að klæða mig í fötin
- að lita
- að vera hjálpsöm og vera góð hvort við annað
- að vera í stærðfræði
- kynnast Stóra skógi
- að leika ekki með matinn

Í samverustundum var unnið markvist með einbeitingu og úthald.

Í vetur voru nokkur 4 ára börn á deildinni. Þau tóku að miklu leiti þátt í öllu starfi deildarinnar. Undanskilið eru Vinnustundirnar/skólastundir og ýmsar ferðir og uppákomur sem elstu börnunum er sérstaklega boðið að taka þátt í. Málörvunin hjá yngri börnunum fór fram í samverustundum, þ.e. vinnan með málörvunarefnið Lubbi finnur málbein.

Innra mat Uglugarðs

Við settum okkur það markmið að börnin fengju tækifæri til að vinna með bókstafina á fjölbreyttan hátt og að börnin fengju að kynnast bókstafnum í þrívídd. Einnig fengu börnin tækifæri til að auka talnaskilning sinn með því að para hluti úr náttúrunni við tölustafina. Útisvæðið var einnig kjörið til að auka skilning á hinum ýmsu stærðfræðihugtökum, t.d. tré getur verið hærra, stærra og lengra en annað tré. Við teljum að markmiðum hafið verið náð.

Við stefnum á að auka fjölbreytni í verkefnavali í útinám og sömuleiðis að fá börnin meira til liðs við okkur við að skipuleggja stundirnar. Einnig viljum við endurskoða hópamsetninguna reglulegar og breyta hópunum ef þurfa þykir. Við ætlum okkur auk þess að bæta okkur í skráningum á meðan á útinámi stendur.

Umbætur út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs:

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta? Útinám	Að hverju er stefnt? Kynnast bókstafnum á fjölbreyttan hátt og í þrívídd. Nota náttúruna til að auka talnaskilning. Vinna með ýmis hugtök í náttúrunni.	Hvernig framkvæmum við það? Stafagerð með efnivið úr náttúrunni. Para saman tölustafi og hluti sem þau finna í náttúrunni. Auka talnaskilning með	Hvenær hefst og hvenær lokið? Byrjum í sept. og ljúkum henni í apríl. Útinám aðra hvora viku.	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? Deildastjóri ber ábyrgð. Allir starfsmenn deildarinnar kenna.	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum) Rýnihópur barna. Stuðst verður við ljósmyndir.	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Að ná að auka skilning barnsins á bókstöfum og auka talnaskilning. Auka þekkingu á

Niðurstöður		hreyfingu. Tekið mið af áhugasviði barnanna.				ýmsum hugtökum. Að ná að fara 80% ferða sem skipulagðar eru.
	Markmiðið náðist	Fórum í útinám og unnum með ofangreinda þætti.	Tíma-ramminn stóðst		Börnin fengu spurningar. Starfsfólkið fékk spurningar.	Börnin tileinkuðu sér það sem þau lærðu í útináminu. Fórum í flestar ferðir.

Umbótaþættir sem vinna á sérstakleg með og meta á starfsárinu 2019-2020:

Á næsta starfsári langar okkur að vinna markvissara með málörvunarefnið Lubbi finnur málbein eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur.

Umbótaþættir	Markmið með útbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lubbi finnur málbein	Að byggja ofan á stafainnlögnina á yngri deildum. Lögð verður áhersla á að tengja saman máhljóðin.	Vinum með Lubba í vinnustundum t.d. hljóðasmiðju Lubba og einnig í útinámi. Vinnan með Lubba fléttað inn í daglegt starf á deildinni.	Byrjum í sept. og ljúkum í maí 2020.	Deildastjóri ber ábyrgð. Starfsfólk deildarinnar kennir.	Könnun að vori í vinnustund.	Að börnin geti tengt saman tvö eða fleiri máhljóð í vinnustundum.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir eldri börnin á deildinni:

Hvað finnst þér skemmtilegast í útináminu?

- að gera hreyfingu og tölustafi
- að gera tölustafina (úr efniviði úr náttúrunni)
- að búa til stafina (úr efniviði úr náttúrunni)
- að hoppa og telja
- að hlaupa og telja

Hvað finnst þér erfiðast í útináminu?

- ekkert erfitt
- að gera tölustafina
- stafirnir
- að leggja saman
- að labba í stundina

Hvað langar þig að gera í útináminu?

- að stafa orð
- að byggja hús
- að hlaupa meira
- raða plastmyndum eins og stafirnir eru
- að telja meira
- skoða dýrin í Húsdýragarðinum

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir yngri börnin á deildinni:

hvað finnst þér skemmtilegast í útináminu?

- að klifra upp í trjám
- mömmóleikur
- að hlaupa og leika
- að leika og fara í tréð

Hvað finnst þér erfiðast í útináminu?

- að detta niður á stein
- að detta og meiða mig
- að ég má ekki ráða öllu
- ekkert

Hvað langar þig að gera í útináminu?

- að klifra eins hátt og maður vill
- fá rennibraut í Stóra skóg
- veit ekki
- hafa rigningu

2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Kópagarðs um starfið á síðasta ári

Á Kópagarði höfum við lagt áherslu á góð samskipti, kærleika, góðvild og vináttu. Einnig höfum við lagt upp með sjálfstæði barna, sjálfshjálp og frjálstan leik. Þema haustsins var vatnið og var börnunum skipt upp í hópa og fór hver hópur einu sinni í viku í hópastarf þar sem unnið var með þemað en einnig fléttaðist þemað inn í daglega starfið. Þemað eftir áramót var um Regnbogafiskinn, sögu eftir Marcus Pfister, um hrokafullan og eigingjarnan fisk sem lærir mikilvægi þess að vera vinalegur og að gefa öðrum með sér. Börnin veltu fyrir sér þýðingu ýmissa orða á borð við „hjálpsamur“, „eigingjarn“, „gjafmildur“ og „vinalegur.“ Út frá sögunni unnu þau ýmis verkefni.

Í málörvun var notast við málörvunarefnið Lubbi finnur málbein og hljóðasmiðju Lubba. Við fengum fjárhundinn Lubba vikulega í heimsókn til okkar sem kenndi okkur íslensku máhljóðin. Hann kenndi okkur skemmtilegar vísur, sem og hljóð og tákni stafanna en Lubbi var einstaklega vinsæll á meðal barnanna á Kópagarði. Einnig var farið í markvissa málörvun þar sem unnið var með samstöfur, rím, orðaleiki, setja saman orð og margt fleira. Daglega var lesið og sungið með börnunum, bæði í morgunsamveru og síðdegissamveru.

Tónlistarkennari var með skipulagt tónlistarstarf í hverri viku þar sem börnin fengu fræðslu og þjálfun í tónlist, söng, hreyfingu, hlustun, léku sér með fjölbreytta hljóðgjafa og æfðu hrynjanda. Hreyfistund í TBR var einu sinni í viku. Börnin fóru í skipulagða danstíma einu sinni í viku þar sem danskennari kom og kenndi börnunum. Við fórum í heimsóknir í Áskirkju og fengum einnig til okkar gesti frá Áskirkju. Á föstudögum var sameiginlegt val í leiskólanum þar sem börnin gátu valið að fara á milli deilda eða í útinám. Á föstudögum er einnig sameiginleg söngstund með öllum deildum leikskólans.

Börnin á Kópagarði voru spurð um hvað þau hafi lært í vetur:

- að lita og skrifa og reikna tölustafi
- Lubbastafina og Lubbalögin
- að róla sjálfur
- að renna upp sjálfur
- að klæða mig sjálfur og setja pollabuxur yfir stígvélin mín
- að pissa í klósettið
- að vera vinaleg og hugga og hjálpa

Útinám var einu sinni í viku og var þá nánasta umhverfi leikskólans nýtt, fylgst með gróðri og dýralífi, farið í leiki og margt fleira. Þau völdu sér tré í Laugardalnum sem þau fylgdust með breytast í gegnum árstíðirnar. Þau gáfu fuglunum að borða, heimsóttu Fjölskyldu- og húsdýragarðinn reglulega og fóru í gönguferðir m.a. á rólóvelli í nágrenni við leikskólann.

Innra mat Kópagarðs

Við settum okkur þau markmið að börnin fengju að kynnast sínu nánasta umhverfi og fengju að upplifa og njóta á eigin forsendum. Einnig að þau fengju að kynnast plöntum, dýrum, formum, veðri og hvernig umhverfið breytist eftir árstíðum. Viðmið okkar um árangur var það að við næðum að fara í 80% af áætluðum ferðum. Í upphafi vetrar var gerð áætlun og stefnan sett á að fara í ferð einu sinni í viku. Þegar leið á haustið bættust tónlistarstundir við dagskrá deildarinnar og voru þær skipulagðar á sama tíma og útinámið. Ekki var svigrúm til að færa stundirnar til og því raskaðist útinámið örlítið. Ferðirnar héldust þó að mestu.

Umbætur út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs:

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útinám	Að börnin kynnist sínu nánasta umhverfi, fái að upplifa og njóta á eigin forsendum. Einnig kynnst plöntum, dýrum, formum, veðri og hvernig umhverfið breytist eftir árstíðum	Förum reglulega í skipulagðar ferðir um nærumhverfi. Hver hópur fari ca. einu sinni í viku.	Kennsla hefst í septem- ber og líkur í lok apríl.	Deidarstjóri ber ábyrgð á skipulagninu og framkvæmd en í ferðinni bera allir ábyrgð, bæði kennarar og börn	Stefnan að gera Ferðabók og gera svo könnun í lok apríl	Markmið að við náum að fara í 80% af ferðunum
Niður- stöður	Markmiði náð	Við fórum í flestar ferðir	Tíma- rammi stóðst		Börnin fengu spurningar og starfsfólk rýndi í svörin	Markmiði náð.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir börnin:

Hvað finnst þér skemmtilegast í útináminu?

- að klifra í trjánum
- að leika í kofunum í Dalheimum
- að búa til stafinn minn úr steinum og prikum
- að skoða fuglana og gefa þeim að borða
- að leika í Stóra skógi
- að gera tilraunir

Hvað finnst þér erfiðast í útináminu?

- að þurfa að fara aftur inn úr útiveru
- að mega ekki taka prikin með í leikskólann
- að gera tilraunirnar
- ekkert erfitt, allt skemmtilegt

Hvað langar þig að gera í útináminu?

- að fara oftari í Dalheima og Drekaróló og í Orminn
- að klifra meira í trjánum
- að skoða lömbin í Húdýragarðinum og vatnssvæðið hjá sjóræningjaskipinu
- að fara í strætó saman
- að fara oftari í Stóra skóg

Umbótaþættir sem vinna á sérstakleg með og meta á starfsárinu 2019-2020:

Á næsta starfsári langar okkur að vinna markvissara með málörvunarefnið Lubbi finnur málbein eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lubbi finnur málbein	Að börnin læri að þekkja málhljóðin, öðlist leikni í notkun Lubba-táknanna og átti sig betur á tengslum málhljóða og viðkomandi bókstafa. Að nýta hljóðasmiðju og annað Lubbaefni betur og á fjölbreyttari hátt.	Skipulagðar málörvunarstundir byggðar á efninu 1x í viku og það fléttað inn í daglegt starf.	Kennsla hefst í september fram í lok apríl en þó verður notast við efnið áframhaldandi.	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagninu og framkvæmd en aðrir deildarstarfsmenn koma einnig að málörvuninni í daglegu starfi.	Könnun. Athugum hvað þau kunna. Hljóð/ták, söngva og orð.	Að flest (3 til 4 ára) börn kunn hljóðin, táknin og vísurnar. 4 ára geta einnig fundið 2 til 3 orð sem byrja á hljóðinu.

2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Grísagarðs um starfið á síðasta ári

Á Grísagarði höfum við lagt áherslu á góð samskipti, kærleika, góðvild og vináttu. Einnig höfum við lagt upp með sjálfstæði barna, sjálfshjálp og frjálsan leik. Vatnið var þemaverkefni okkar fyrir jól. Við komumst að því að allir þurfa vatn til að lifa, stækka og blómstra. Við gerðum nokkrar tilraunir með vatnið og athuguðum m.a. hvað gat flotið í vatninu. Við prófuðum appelsínu með berki og án og sáum hvort gat flotið (appelsína með berki flaut). Við fengum líka að sulta í vatninu og það var voða gaman. Við fórum út í Húsdýragarð og þar er hægt að leika með vatnið og láta það renna á milli lóna. Þema vorsins 2019 var sagan um Regnbogafiskinn eftir Marcus Pfister, en boðskapur hennar kennir okkur að eigingirni og hroki er ekki gott veganesti. Börnin veltu fyrir sér þýðingu ýmissa orða á borð við „hjálpsamur“, „eigingjarn“, „gjafmildur“ og „vinalegur.“ Að gefa með sér gefur okkur gleðitilfinningu og við eignumst vini. Að eiga vini er dýrmætara en gull. Út frá sögunni vour unnin ýmisleg verkefni.

Á hverjum morgni er kristileg stund hjá okkur, við förum með bænir, hlustum á sögur af Jesú og fáum ávexti. Við lærum líka kristilega söngva og minnisvers. Kristný djákni í Áskirkju kom einu sinni í mánuði til okkar og var með kristilega stund. Við fórum svo í tvær heimsóknir í Áskirkju, eina fyrir jólin og eina fyrir páskana.

Í málörvun lærðum við íslensku máhljóðin með því að lesa og læra úr bókinni Lubbi finnur málbein. Allir hafa haft gagn og gaman af þessu. Við leikum okkur með hljóðin og lærum þannig hljóð og tákna stafanna og syngjum þetta hástöfum. Við fórum markvisst í málörvun þar sem unnið var með rím, orðaleiki, setja saman orð og margt fleira.

Börnin á Grísagarði fóru í skipulagða danstíma einu sinni í viku, þar sem danskennari kom og kenndi börnunum. Tónlistarkennari kom til okkar og var með skipulagða tónlistarkennslu einu sinni í viku þar sem börnin fengu fræðslu og þjálfun í tónlist, söng, hreyfingu, æfðu hrynjanda og fengu líka að prófa fjölbreytta hljóðgjafa. Við fórum einu sinni í viku í T.B.R. að hlaupa, leika með bolta og fara í gegnum þrautabrautir. Á föstudögum var sameiginlegt val í leikskólanum þar sem börnin fengu að velja hvort

Börnin á Grísagarði voru spurð um hvað þau hafi lært í vetur:

- að syngja
- að finna hringi í umhverfinu
- að læra Lubba stafina
- að læra að telja
- að læra að fönndra
- að hlusta
- bænir og Jóhannes 3.16

Þau færu út að ganga eða heimsækja aðrar deildir leikskólans. Við endum svo vikuna á sameiginlegri söngstund sem allar deildir leikskólans komu saman á og sungu.

Útinám var einu sinni í viku og var þá nánasta umhverfi leikskólans nýtt. Farið var í gönguferðir um nánasta umhverfið til þess að þekkja það. Við notuðum gönguferðirnar einnig til þess að læra að þekkja form (hringlaga, þríhyrninga og ferninga) sem við sáum á göngunni. Einnig stoppuðum við og fórum í leiki eða unnum að því að telja. Við fundum steina og greinar til þess að telja. Við mynduðum fjögurra til fimm barna hópa og unnu börnin með talnagildi og þjuggu einnig til stafina sína. Við erum svo heppin að hafa Húsdýragarðiinn nálægt okkur og gefst öllum leikskólabörnum í Reykjavík kostur á því að koma í heimsókn án endurgjalds. Þar er einnig boðið upp á námskeið fyrir börnin og sóttum við tvö þeirra á vordögum, þ.e. námskeiðin Húsdýrin okkar og Hugrakkir krakkar.

Innra mat Grísagarðs

Við settum okkur það markmið að börnin kynntust sínu helsta nærumhverfi og lærðu að þekkja helstu kennileyti, dýr, plöntur og form. Við settum okkur það viðmið að ná að fara í 80% af ferðunum. Við á Grísagarði teljum að þessum markmiðum hafi verið náð. Við fórum í allar áætlaðar ferðir. Flest börnin lærðu það sem verið var að vinna með.

Umbætur út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs:

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

Útinám	Kynnast sínu helsta nærumhverfi og læra að þekkja helstu kennileyti, dýr, plöntur, form og liti.	Ferðumst um umhverfið með skipulögðum hætti.	Hefjum kennsluna í september og ljúkum henni í apríl. Ferðirnar verði farnar aðra hvoru viku.	Deildarstjóri ber ábyrgð. Allir starfsmenn deildarinnar kenna.	Láta rýnihóp barna vera aðal mælikvarðann.	Að börnin þekki helstu kennileyti, dýr, form, plöntur og liti. Að við náum að fara 80% af ferðunum.
Niðurstöður	Markmiði náð	Við fórum í ferðirnar	Tímarammi stóðst		Börnin fengu spurningar og starfsfólk rýndi í svörin	Fórum allar ferðir og flest börnin náðu að tileinka sér efnið

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir börnin:

Hvað finnst þér skemmtilegast í útináminu?

- að læra um dýrin
- að finna form
- að telja

Hvað finnst þér erfiðast í útináminu?

- að vera í röð
- að búa til stafina með spýtum og steinum

Hvað langar þig að gera í útináminu?

- að renna mér og róla
- að leika mér
- að leika mér meira í sjóræningjaskipinu í Húsdýragarðinum

Umbótaþættir sem vinna á sérstakleg með og meta á starfsárinu 2019-2020:

Á næsta starfsári langar okkur að vinna markvissara með málörvunarefnið Lubbi finnur málbein eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lubbi finnur málbein	Að börnin læri að þekkja málhljóðin, öðlist leikni í notkun Lubba- táknanna og átti sig betur á tengslum málhljóða og viðkomandi bókstafa. Að nýta hljóðasmiðju og annað Lubbaefni betur og á fjölbreyttari hátt.	Skipulagðar málörvunar- stundir byggðar á efninu 1x í viku og það fléttað inn í daglegt starf.	Kennsla hefst í septem- ber fram í lok apríl en þó verður notast við efnið áfram- haldandi.	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagninu og framkvæmd en aðrir deildarstarfs- menn koma einnig að málörvuninni í daglegu starfi.	Könnun. Athugum hvað þau kunna. Hljóð/tákn, söngva og orð.	Að flest (3 til 4 ára) börn kunn hljóðin, táknin og vísurnar. 4 ára geta einnig fundið 2 til 3 orð sem byrja á hljóðinu.

2.4 Stutt greinargerð deildarstjóra Ungagarðs um starfið á síðasta ári

Í vetur hefur stöðugleiki verið í starfsmannamálum á deildinni. Um áramót kom deildarstjórinn úr fæðingarorlofi. Í ágúst komu 13 börn í aðlögun sem gekk vel en í vetur voru 15-17 börn á deildinni sem voru fædd árin 2016 og 2017.

Aðaláhersla deildarinnar er á frjálsan leik því í gegnum hann efla börnin meðal annars tilfinninga-, félags-, siðgæðis- og líkamsþroska.

Þema haustannarinnar á Ungagarði voru grunnlitirnir, gulur, rauður og blár. Börnunum var skipt upp upp í hópa og fönnduðu þau myndir þar sem stimplað var með ýmiskonar efniviði, eina mynd fyrir hvern lit. Einnig var starfsfólkið meðvitað yfir daginn um að tala um litina og nota litaheitin. Eftir áramót var

Þemað sagan um Regnbogafiskinn eftir Marcus Pfister. Börnin fengu að velja hvort þau fönnduðu regnbogafiskinn eða kolkrabbann og gátu valið úr fjölbreyttum efnivið til að vinna með. Eftir að hafa heyrt söguna nokkrum sinnum fengu börnin tækifæri til að segja starfsmanni söguna á sinn hátt og var hún skráð, sú skráning fylgir þeim í ferilmöppunni þeirra.

Markvissara var unnið með málörvunarefnið Lubbi finnur málbein en undanfarin ár. Vikulega var nýtt máhljóð kynnt og börnunum kennd vísan og táknið sem tilheyrir því máhljóði. Reglulega kom fjárhundurinn Lubbi í heimsókn og voru Lubba-söngstundir að lágmarki einu sinni í viku, stundum oftar.

Gerður Bolladóttir kom inn á deild einu sinni í viku og var með tónlistarstundir fyrir börnin í smærri hópum. Í þessum stundum kenndi hún börnunum fjölbreytt lög og vísur ásamt því að læra að slá takt og prófa ýmis hljóðfæri. Þau hlustuðu einnig á mjög fjölbreytta tónlist frá öllum heimshörnum.

Í vetur var mikið lagt upp úr útiveru og lögð var áhersla á að komast að minnsta kosti einu sinni út á dag. Markvisst var farið með hópinn út fyrir leikskólalóðina þar sem þau lærðu að ganga í ójöfnu undirlagi í þeim tilgangi að örfa hreyfifærni þeirra og þau skoða umhverfi sitt betur en ella.

Börnin voru spurð hvað þau hefðu lært á Ungagarði:

- að róla
- að leika
- að syngja
- R (Nafn barnsins byrjar á R)

Börnin voru spurð hvað þeim þætti skemmtilegast að gera í leikskólanum:

- að þvo hendur
- að leika
- að borða
- að syngja

Innra mat Ungagarðs

Umbótaþættir sem vinna á sérstakleg með og meta á starfsárinu 2019-2020:

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útinám	Nota umhverfið utan leikskólalóðar meira.	Förum í gönguferðir og notum umhverfið í kringum leikskólann.	Tímabilið er frá september fram í maí og við stefnum að því að fara að minnsta kosti einu sinni í mánuði út fyrir lóð.	Deildarstjórar bera ábyrgð, en allt starfsfólk deildanna tekur þátt í framkvæmdinni.	Myndaskráningu, við ætlum að taka ljósmyndir í hverri ferð.	Markmiðið er að farið verði í um 80% af þeim ferðum sem lagt var upp með. Með myndaskráningu sjáum við hversu oft við förum í ferðir.
Niðurstöður	Markmiði náð	Markmiði náð	Tíma-rammi stóðst	Markmiði náð	Myndskráning gekk ekki eins og lagt var upp með	Markmiði náð

Umbótaþættir sem vinna á sérstakleg með og meta á starfsárinu 2019-2020:

Á næsta starfsári langar okkur að vinna markvissara með málörvunarefnið Lubbi finnur málbein eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lubbi finnur málbein	Að börnin læri að þekkja máhljóðin, öðlist leikni í notkun Lubba-táknanna og átti sig betur á tengslum máhljóða og viðkomandi bókstaf. Að nýta Lubbaefni betur og á fjölbreyttari hátt.	Skipulagðar málörvunarstundir byggðar á efninu 1x í viku og það fléttað inn í daglegt starf.	Kennsla hefst í september fram í lok apríl en þó verður notast við efnið áframhaldandi.	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagninu og framkvæmd en aðrir deildarstarfsmenn koma einnig að málörvuninni í daglegu starfi.	Jafnt og þétt yfir veturinn var gerð óformleg könnun á því hvað börnin hafa tileinkað sér af hljóðum og táknum.	Að flest barnanna á deildinni kunni nokkur máhljóð, táknin og vísurnar.

3 Ytra mat

Skóla- og frístundasvið lagði viðhorfskönnun fyrir foreldra barna í leikskólanum og má finna niðurstöður hennar í fylgiskjöllum starfsáætlunarinnar.

Brugðist var við ábendingum frá ytra mati 2017-2018 um að gera gildi leikskólans sýnileg inni á deildum.

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

- Á liðnu starfsári, 2018-2019, fengu tvö börn stuðning í 2. Flokki, einn tíma á dag og sinnti sérkennslustjóri þeirri vinnu. Einnig hélt hann utan um málörvunarhópa inni á mörgum deildum þar sem unnið er með framburð, hljóðgreiningu, orðaforða, skilning og fleira.
- Í leikskólanum fer fram mikil málörvun í deildarstarfinu. Bækur eru hafðar aðgengilegar fyrir börnin og foreldrar hvattir til að lesa fyrir börn sín. Bókin *Lubbi finnur málbein* eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur er lögð til grundvallar í málörvun og hljóðnámi fyrir öll börnin á leikskólanum sem eflir hljóðkerfisvitund þeirra. Börnin læra táknrænar hreyfingar og vísur fyrir hvert hljóð. Smátt og smátt er byggt ofan á þetta eftir því sem börnin eldast og þroskast. Ætlunin er að skilgreina og skipuleggja þá vinnu enn betur. Í handbók sem fylgir *Hljóðasmiðju Lubba* eru margar hagnýtar leiðir og hugmyndir til þess að vinna með efnið á fjölbreyttan hátt.
- Snemmtæk íhlutun í málörvun er mikilvæg svo hægt sé skilgreina vandann og byrja að vinna strax ef málþroskafrávik koma í ljós. Þegar barn byrjar á leikskólanum fylla foreldrar út lista úr kaflanum *Bjargir* úr bókinni *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja- til þriggja ára barna* ásamt bakgrunnupplýsingum.
TRAS er lagt fyrir öll börn á leikskólanum. EFI-2 fyrir börn á fjórða aldursári (við metum hvaða börn það eru) og Hljóm fyrir þau elstu.
- Ef grunur vaknar um frávik reynum við að kortleggja barnið og kanna hvar barnið sker sig úr miðað við jafnaldra, í leiknum, félagslega, mállega o.s.frv. og kanna grunnþekkingu. Ef foreldrar koma með áhyggjur reynum við að finna út hvað það er og sjá hvort það birtist í leikskólanum. Ráðgjöf er fengin um næstu skref á samráðsfundi á þjónustumiðstöð og koma má með fyrirspurnir og óska eftir ráðgjöf á þeim fundi (án þess að nefna barnið). Framhaldið er unnið í samráði við foreldra og deildarstjóra.
- Íslenski þroskalistinn er sendur inn með öllum tilvísunum um sérfræðiþjónustu. Afrit af TRAS, AEPS eða niðurstöður úr EFI-2, skráningar (aha) og góðar lýsingar, sérstaklega ef um hegðunarvanda er að ræða. ADHD-listi fylgir umsóknum fyrir 4 ára og eldri (eintak frá foreldrum og eintak frá leikskóla) og SDQ-listi fyrir 5 ára.
- Einstaklingsnámsskrá er unnin af sérkennslustjóra í samvinnu við deildarstjóra, foreldra og fagaðila. Markmiðin eru sértæk og árangurstengd, við höfum styrkleika barnsins ávallt í huga. Árangur er metinn á hverju misseri, oftast ef það á við og fylgst með hvort áherslubreyting eða frekari greining sé þörf.

- Foreldrum er gjarnan bent á námskeið Heilsugæslunnar: *Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar* eða önnur námskeið eða úrræði á vegum þjónustumiðstöðvar. Fundir eru reglulega með foreldrum og sérkennsluráðgjöfum. Sérkennsluráðgjafar veita foreldrum ráðgjöf og stuðning ásamt sérkennslustjóra og deildarstjóra.
- Sérkennslustjóri sækir reglulega samráðsfundi á þjónustumiðstöð, fundi hjá skóla- og frístundasviði, fræðslu sem býðst þar eða á GRR, HTÍ og eftir því sem leikskólastjóri hvetur til.
- Sérkennslustjóri á gott samstarf við deildarstjóra og annað starfsfólk leikskólans og miðlar upplýsingum, situr fundi með sérfræðingum eins og hegðunarráðgjöfum eða sérkennsluráðgjöfum. Unnið inni á deildum ýmist í hóp eða með einstaklingum og fylgist með hvernig gengur inni á deildum.
- Upplýsingar um börn með sérþarfir er skilað til grunnskóla með skipulögðum hætti og alltaf í samráði við foreldra.

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2018-2019 var unnin með það að markmiði að verkferlar sem varða sérfræðþjónustu verði sýnilegir samstarfsfólki og foreldrum. Þeir eru settir fram á einfaldan og skýran hátt á heimasíðu leikskólans. Stefnt var að því að þeirri vinnu væri lokið í apríl 2019. Búið er að setja upp verkferlana en það á eftir að gera þá sýnilega og er stefnt að því að ljúka því fyrir sumarfrí í júlí 2019.

Umbótapættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Verkferlar varðandi sérfræðiþjónustu verði sýnilegir bæði	Verkferlarnir séu sýnilegir á heimasíðu leikskólans	Farið verður yfir þá verkferla sem unnið er eftir. Þeir settir fram á	Hefst í sept. 2018 og lokið í apríl 2019	Sérkennslustjóri	Rýnt í þá verkferla sem til eru. Kanna hjá leikskólastjóra og	Verkferlar varðandi sérfræðiþjónustu séu sýnilegir starfsfólki og

stafsólki og foreldrum.		skýran og einfaldan hátt og birtir á heimasíðu leikskólans.			deildarstjórum hvað betur má fara.	foreldrum á heimasíðu skólans.
			Tímarammi stóðst ekki en stefnt er að verkefninu sé lokið í 1.júlí 2019			

Umbótaþættir sem vinna á sérstaklega með og meta á starfsárinu 2019-2020:

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útbúa samskiptabók og setja upp og skilgreina vinnu með virkt tvítýngi og fjölmenningu í leikskólanum	Að setja upp og ljúka við samskiptabók og skilgreina betur vinnuna með virkt tvítýngi og fjölmenningu í leikskólanum.	safna myndum og semja texta fyrir bókina. Koma með tillögur að vinnu á deildum	Haut 2019 og lokið í maí 2020	Sérkennslustjóri í samráði við leikskólastjóra og deildarstjóra	Safna gögnum frá ráðstefnum fundum sem starfsfólk hefur sótt og af netinu um tvítýngi og fjölmenningu Koma með tillögur fyrir deildarstjóra	Samskiptabókin verði tilbúin til notkunar og skilgreiningar tilbúna til að vinna eftir á deildum.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Í leikskólanum eru átta börn tvítyngd eða með annað móðurmál en íslensku og er sérkennslustjóri tengiliður fjölmennningar.

- **Hvernig er unnið með fjölmenningarlegt leikskólastarf?**
 - Starfsfólk hefur sótt námskeið og fundi á vegum Skóla- og frístundasviðs um málefni tvítyngdra barna og barna með annað móðurmál en íslensku.
 - Fánar frá þeim löndum sem börnin koma frá eru í anddyri leikskólans ásamt kveðjunni „góðan dag“ á viðkomandi tungumálum. Börnin koma með bækur á eigin móðurmáli
 - Fræðslu og umræður um landið og tungumálið inni á deild barnanna mætti auka verulega
- **Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi?**
 - Markviss málörvun fer fram á deildunum í hópastarfi, samverustundum og samræðum.
 - Reynt er að lesa sérstaklega með barninu og orðaforði þannig dýpkaður. Einnig er hljómfall, leikræn tjáning og myndir notaðar. Kennarar eru hvattir til að nota orð á athafnir og hver kennari tali sérstaklega við barnið daglega (10 mín. reglan sbr. útskýringu á vef Miðju máls og læsis) Börnin fara í litla málörvunarhópa þar sem unnið er sérstaklega með orðaforða, skilning, hlustun og tjáningu.
 - Til að fylgjast með framförum barna er notaðir listar úr bókinni Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna úr kaflanum Bjargir. Einnig höfum við Orðaforðalistann frá Menntamálastofnun og aðgang að orðaforðagátlistanum Orðaskil. Hér getum við bætt okkur og notað með markvissari hætti.
 - Reynt er að huga að öllum þáttum máls en þar má einnig gera bragarbót og skilgreina betur vinnuna og verkferla varðandi það.
- **Hvernig er samskiptum við foreldra háttað?**
 - Móttökuáætlun er í mótun og þar getum við gert betur og ætlum okkur að gera betur. Byrjað er á að afla sem nauðsynlegra bakgrunnsupplýsinga og athugað hvort að barnið hafi farið í þroskamat á heilsugæslustöð. Einnig er verið að vinna að samskiptabók fyrir leikskólann en notast hefur verið við *Ljáðu mér orð* sem er aðgengilegt á netinu.
 - Foreldrar eru hvattir til að tala sitt móðurmál við barnið. Orðaforðalistar eru fengnir á netinu ef foreldri talar ekki ensku eða norðurlandtungumál. Bent er á ókeypis íslenskukennslu hjá Kristniboðssambandinu Háaleitisbraut 58-60. Upplýsingabæklingur um leikskólann er til á ensku.
 - Samræða um mál og læsi, nám og þroska, stuðningur við móðurmál og íslensku fer fram á foreldrafundum og er fenginn túlkur ef þurfa þykir.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróunarsamtöl fóru fram á vordögum og verður þeim framhaldið að hausti. Ekki hefur unnist tími til að tala við alla og verður því haldið áfram eftir sumarleyfi.

- Símenntun frá síðasta ári:

Ágúst

- Sérkennslustjóri og einn deildarstjóri sóttu ráðstefnu á vegum rannsóknarstofu HÍ um mál og læsi: „Byggjum brýr og eflum læsi frá leikskóla til unglingsára“
- Einn deildarstjóri sótti skyndihjálpar- og eldvarnarnámskeið.

September

- Sérkennslustjóri sótti samráðsfund á vegum Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis.
- Sérkennslustjóri fór á námskeið hjá TMF-tölvumiðstöð um myndrænt skipulag
- Tveir deildarstjórar og sérkennslustjóri sóttu námskeið um „Lubbi finnur málbein“
- Sérkennslustjóri sótti námskeið á vegum Talstudíó Ásthildar: „Hagnýt ráð hvað varðar málörvun og læsi“
- Tveir deildarstjórar sóttu námskeiðið um Uppeldi sem virkar-færni til framtíðar
- Deildarstjóri sótti fræðslufund um mikilvægi málþroska: „Lestur er lífsins leikur“
- Deildarstjóri sótti tíma í kennslufræði og skóli margbreytileikans í HÍ jan.- maí

Október

- Menntakvika í HÍ í október hluti starfsfólks sótti fyrirlestra þar.
- Sérkennslustjóri sótti samráðsfund á vegum Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis

Nóvember

- Sérkennslustjóri sótti samráðsfund á vegum Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis.

Janúar

- Sérkennslustjóri sótti samráðsfund á vegum Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis.
- Deildarstjóri fór á ráðstefnuna: Leikskóli fyrir alla: Hagnýtar, einfaldar og jákvæðar aðferðir sem bæta hegðun og líðan barna- og starfsfólks.

Febrúar

- Deildarstjóri fór á námskeið um EFI-2
- Sérkennslustjóri sótti samráðsfund á vegum Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis.
- Febr.- maí: Deildarstjóri og leiðbeinandi sóttu námskeiðið „Klókir litlir krakkar“
- Febr – mars: Deildarstjóri sótti TRAS-námskeið

Mars

- Sérkennslustjóri sótti samráðsfund á vegum Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis.

- Allir starfsmenn sóttu fræðslufund hjá foreldrafélaginu um *uppeldi og hegðun leikskólabarna* á vegum Hafdísar Einasdóttur og Magnúsar Friðriks Ólafssonar sálfræðinga.
- Flestir starfsmenn sóttu ráðstefnu Samtaka sjálfstætt starfandi skóla.

April

- Errasmusráðstefna um skil á milli leik- og grunnskóla í Grikklandi
- Hluti starfsfólks sótti fræðslukvöld um skyndihjálpar og slysavarnir á vegum foreldrafélags Vinagarðs

Mái

- Deildarstjóri fór á leiðbeinanda- og ráðgjafanámskeiðið Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar
- Deildarstjóri sótti samráðsfund Miðju máls- og læsis.
- Sérkennslustjóri sótti samráðsfund á vegum Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis.

Í áætlun leikskólans um símenntun á næsta skólaári verður aðal áhersla lögð á framfarir í öllu sem lýtur að markvissri málörvun. Notast verður við málörvunarefnið Lubbi finnur málbein og verða þeir starfsmenn sem ekki hafa sótt námskeið um efnið sendir á það. Ætlunin er að vinna markvisst að því að ná góðri samvinnu og flæði á milli aldurstiga innan leikskólans.

Einnig er ætlunin að innleiða efni bókarinnar „Uppeldisbókin – að byggja upp færni til framtíðar“ eftir sálfræðingana Edward R. Christophersen Ph.D. og Susan L. Mortweet Ph.D. Markmiðið er að ná betri tökum á aga og samræma hann milli allra deilda leikskólans. Stefnt er á að fá kynningarfyrirlestur á starfsdegi í haust fyrir allt starfsfólk leikskólans frá Þroska- og hegðunarstöðinni.

Á hverju ári stendur KFUM og KFUK fyrir „Verndum þau“ námskeiði í samvinnu við Barnahús, og brunavarnar- og skyndihjálpar námskeiði í samvinnu við Rauðakrossinn sem starfsfólki félagsins er skylt að sækja annað hvert ár. Öllu starfsfólki gefst kostur á að sækja þær málstofur sem tengjast þeirra áhugasviði á Menntakvikunni. Stefnt er að því að allir starfsmenn sækji ráðstefnu SSSK. Leikskólastjórinn mun sækja Global Leadership Summit leiðtoga ráðstefnuna í október. Einn starfsmaður leikskólans hefur nám með vinnu í sérkennslufræðum við Háskólann á Akureyri í haust. Auk þess stendur starfsfólki til boða að sækja starfstengd námskeið.

7 Foreldrasamvinna

- Kosið er í foreldraráð á fyrsta stjórnarfundum foreldrafélagsins að hausti hvers árs og er það skipað þremur fulltrúum úr stjórn félagsins og er kosið til eins árs í senn.
- Foreldrafundir. Að hausti er haldin foreldrafundur þar sem vetrarstarfið er kynnt og önnur mál rædd.
- Í upphafi leiskólagöngu barna er foreldrum þeirra boðið upp á viðtöl við deildastjóra. Í febrúar og mars er öllum foreldrum boðið upp á viðtöl við deildarstjóra. Ef foreldrar komast ekki á þeim tíma sem deildarstjórar bjóða upp á er reynt eftir fremsta megni að finna tíma sem hentar báðum aðilum.
- Allir foreldrar eru sjálfkrafa í foreldrarfélaginu en reynt er að fá að minnstakosti tvo fulltrúa foreldra af hverri deild í stjórn foreldrafélagsins. Aðalfundur félagsins er í upphafi haustannar.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

Markmið samstarfs milli leikskóla og grunnskóla er að stuðla að jákvæðri upplifun barnanna af flutningnum milli skólastiganna. Samstarf Vinagarðs við Langholtsskóla hefur jafnan verið gott og samstarfsverkefnum hefur fjölgað með árunum. Að hausti sækir deildarstjóri elstu barnanna sameiginlegan fund með Langholtsskóla og öðrum leikskólum í hverfinu. Þar er dagskrá vetrarins ákveðin.

Ýmsar nýjungar hafa litið dagsins ljós síðan samstarfsverkefnið Farsæl skil leik- og grunnskóla hófst en samstarfsaðilar eru Langholtsskóli, Brákarborg, Langholt, Sunnuás og Vinagarður.

- Langholtsskóli bauð tveimur kennurum í þeim leikskólum sem eru í samstarfinu á ráðstefnu í Zagreb og síðan í Þessaloníku. Þetta var Erasmus ráðstefna um skil milli leik- og grunnskóla. Langholtsskóli kynnti Hljóm sem er skimunartæki fyrir lestranám. Ráðstefnurnar hafa styrkt samstarfið til muna.
- Eftirfarandi var dæmi um nýjungar í vetur:
- Fundur í janúar fyrir foreldra barna sem hefja nám í Langholtsskóla í haust.
- Skólastjórinn bauð börnunum í heimsókn og kynnti fyrir þeim skólann.
- Fundir þar sem kennarar í 1. bekk Langholtsskóla og deildastjórar elstu barnanna í leikskólunum hittust. Á fundunum var samstarfið rætt og leikskólarnir skiptust á að miðla því sem verið var að gera með börnunum. Fundirnir voru haldnir 1x í mánuði.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
17. september 2018	Samstarfsfundur Umræða um samstarfið Brákarborg kynnti lausnaringinn.	Brákarborg	Brákarborg
15. október 2018	Samstarfsfundur. Umræða um samstarfið. Vinagarður kynnti srærðfræðinámið	Vinagarður	Vinagarður
12. nóvember 2018	Rýnt í niðurstöður LTH og HLJÓM	Langholtsskóli	Langholtsskóli
16. nóvember 2018	Dagskrá í Langholtsskóla á degi íslenskrar tungu þar sem börnin fengu fræðslu um Jónas Hallgrímsson og leikskólabörnin og 1. bekkur í Langholtsskóla komu með atriði.	Langholtsskóli	Langholtsskóli
19. desember 2018	Leikskólanum boðið á jólaleikrit sem 6. bekkur setti upp.		
15. janúar 2019	Samráðsfundur undirbúningur fyrir kynningafund foreldra barna sem hefja grunnskólagöngu í haust Sunnúás kynnti verkefni sem unnið var með 5 ár börnunum.	Sunnúás	Sunnúás
23. janúar 2019	Skólaheimsókn þar sem skólastjórinn sýndi börnunum skólann.	Langholtsskóli	Langholtsskóli
29. janúar 2019	Kynning fyrir verðandi foreldra í Langholtsskóla. Kynnt var samstarfið, hvers má vænta þegar börnin hefja grunnskólagönguna.	Langholtsskóli	Langholtsskóli
31. janúar 2019	Fyrsti bekkur kom í heimsókn. Afhenti boðskort fyrir skólaheimsóknir og 1.	Vinagarður	Langholtsskóli

	bekkur í leik með börnunum.		
14. febrúar 2019	Börn í 7. bekk Langholtsskóla lásu fyrir börnin	Vinagarður	Langholtsskóli
21. febrúar 2019	Skólaheimsókn í Langholtsskóla þar sem leikskólabörnin fóru í kennslustund.	Langholtsskóli	Langholtsskóli
8. og 9. apríl 2019	Vorskóli. Börnin fóru í skólann með foreldrum sínum.	Langholtsskóli	Langholtsskóli
17. maí 2019	Útivistadagur við orminn í Laugardalnum. Leikskólabörnin og 1. bekkur léku sér saman.	Laugardalurinn	Langholtsskóli
3. júní 2019	Samráðsfundur. Starf vetrarins endurmetið.	Langholtsskóli	Langholtsskóli

Þar sem Vinagarður er einkarekinn leikskóli er hann ekki eiginlegur hverfisleikskóli og börnin koma víðsvegar af höfuðborgarsvæðinu. Auk samstarfs við Langholtsskóla fara börnin í undirbúningsheimsóknir í þá grunnskóla sem þau koma til með að ganga í. Þegar börnin fara yfir í grunnskóla fylgja þeim niðurstöður helstu matslista og prófana. Ef ástæða þykir til fara deildarstjóri og /eða sérkennslustjóri á skilafund með starfsfólki grunnskólans og frístundaheimilis og veitir upplýsingar.

9 Skipulagsdagar.

Haustannar: 6.ágúst, 2.september, 27.desember, 30.desember.

Vorannar: 2.janúar, 22.apríl, 24.apríl.

Þar sem að við vorum ekki boðuð á samráðsfund hjá Langholtsskóla höfum við ekki upplýsingar um hvort einhver skipulagsdaganna verði á sama tíma og í skólanum.

Leikskóladagatal má finna í fylgiskjali 10.1.4.

10 Fylgigögn

10.1 Matsgögn

10.1.1 Dæmi um spurningar til starfsmanna um útinám veturinn 2018-2019

10.1.2 Dæmu um ljósmyndir sem notast var við þegar börn voru spurð út í útinám veturinn 2018-2019

10.1.3 Niðurstöður úr viðhorfskönnun til foreldra barna í leikskólanum

10.1.4 Leikskóladagatal

10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Starfsáætlun 2019 – 2020
Vinagarður, leikskóli KFUM & KFUK

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Sigríður Sigurðardóttir

Oddný Anna Kjartansdóttir

Nanna Kristjánsdóttir

Berglind Ingvarsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Það er mat foreldraráðsins að starfsáætlun sé metnaðarfull, ítarleg og vönduð. Vinagarður hefur á að skipa góðum hópi starfsmanna og færum hópi stjórnenda sem skilar sér í fyrirmyndarstarfi þar sem velferð barnanna er ávallt höfð að leiðarljósi. Starfið er virkilega metnaðarfullt og fjölbreytt og er nærumhverfi leikskólans vel nýtt, sbr. vikulegar heimsóknir í TBR, samstarf við Langholtsskóla, Áskirkju sem og tíðar heimsóknir í Laugardalinn sem styðja einmitt vel við áherslur leikskólans um að börnin læri um náttúruna. Samstarf við foreldra er sérstaklega gott og mikið lagt upp úr því að leyfa foreldrum að fá innsýn í starf leikskólans. Til að mynda var foreldrum boðið að koma og fylgjast með tónlistarstundum sem vakti mikla ánægju þeirra sem nýttu sér það tækifæri.

Á Vinagarði er starfsandi með eindæmum góður sem skilar sér í ánægðum börnum og foreldrum, enda er frábært samstarf á milli leikskólans og foreldrafélags. Það ríkir gagnkvæm virðing og traust starfsmanna, foreldra og barna. Starfsmenn fjölmenna á viðburði á vegum foreldrafélagsins, utan vinnutíma, sem er einstakt.

Að mati foreldraráðsins eru stjórnendur leikskólans afar hæfir sem og starfsmenn sem skilar sér í öflugum og metnaðarfullu starfi. Starfsáætlun er vel unnin og lýsir vel því starfi sem framundan er.

Dæmi um spurningar og svör starfsmanna varðandi útinám veturinn 2018-2019:

1. Hvað var skemmtilegast að gera með börnunum í útináminu?

- Stafagerðin.
- Að sjá ljómann í andlitum barnanna þegar þeim tekst að gera stafinn sinn.
- Verkefni tengd talnaskilningi. Dæmi: barnið fær tölustafblað t.d. með tölustafnum 5 og á að sækja jafn marga hluti og setur þá á spjaldið.

2. Hvað var erfiðast í útináminu?

- Ef samsetning hópsins er ekki heppileg getur verið erfitt að halda aga.

• Hvaða verkefni fannst mér koma vel út í útináminu?

- Það kemur vel út að búa til stafina úr efniviði sem þau finna úti í náttúrunni.
- Einnig er vinsælt að draga tvö tölustafspjöld og leggja saman. Til að auðvelda má setja jafn marga hluti á blöðin og barnið telur síðan.
- Einnig var vinsælt að draga frá.
- Hreyfiverkefnin voru líka vinsæl. Fyrirmælaþjálfunin kom líka vel út.

4. Hvaða verkefni voru ekki góð í útináminu?

- Börnunum fannst erfitt að finna hluti úr náttúrunni sem ríma.

5. Hvað annað myndi ég vilja sjá í útináminu?

- Ýmsa leiki eins og flöskustútur > Fyrirmælaþjálfun.
- Gaman væri að búa til ratleik sem farið væri í í lok útinámsins á vorin.

6. Hvað má betur fara í útináminu?

- Byrja á stafainnlögninni í útináminu áður en unnið er með sama stafinn í skólastund inni.
- Þegar börnin sækja efnivið fyrir stafagerðina setja þau efniviðinn í sameiginlegan pott sem þau taka síðan úr þegar þau búa til stafina.
- Vera með tvo dúka (ekki plastdúk sem við höfum notað í útináminu hingað til), annan fyrir stafagerðina og hinn fyrir sameiginlegan efnivið.

Útinám veturinn 2018-2019 Spurningar lagðar fyrir starfsfólk	Sam- mála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Ósammála	Veit ekki
Útinám með börnunum er mikilvægt	X				
Útinám er skemmtilegt	X				
Útinám er erfitt		X	X		
Hugmyndir í útinámi 3ja-4 ára barna eru nægilegar					
Verkefni samkvæmt Kennsluáætlun nægilega mörg fyrir 5 ára börnin.	X				
Uppsetning á kennsluáætlun Fyrir 5 ára börnin er góð	X				

Dæmi um myndir sem notast var við þegar spurningar um útinámið voru lagðar fyrir börnin:



Heildaránægja með leikskóla

4,87^{4,58}
heild

Barninu líður vel í leikskólanum

4,78^{4,63}
heild


Tel barnið mitt vera öruggt

4,85^{4,61}
heild


Skólanum er vel stjórnað

4,79^{4,42}
heild


Meðalskor spurninga er varða barnið og starfið




Meðalskor spurninga er varða foreldra og starfið



Meðalskor spurninga er varða stjórnun og stefnu leikskólans



Meðalskor spurninga er varða upplifun af leikskólanum



Leikskóladagatal 2019 - 2020

Nafn skóla:

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F		1 S		1 Þ		1 F		1 S	Fullveldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 L		1 S		1 M		1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M	Annar í hvítasunnu	1 M	skil á starfsáætlun
2 F		2 M	Námskeiðsdagur	2 M		2 L		2 M	Aðventukaffi	2 F	Skipulagsdagur	2 S		2 M		2 F		2 L		2 Þ		2 F	
3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 Þ		3 F		3 M		3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 F	
4 S		4 M		4 F		4 M		4 M		4 L		4 Þ		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5 M	Frídagur verslunarmanna	5 F		5 L		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 F		5 S	Pálmásunnudagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 Þ	Skipulagsdagur	6 F		6 S		6 M		6 F		6 M	Þrettándinn	6 F	Dagur leikskólans	6 F		6 M		6 M		6 L		6 M	
7 M		7 L		7 M		7 F		7 L	Jólaball	7 Þ		7 F	Leikskólaráðstefnan Dagur stærðfræðinnar	7 L		7 Þ		7 F		7 S	Sjómanna dagurinn	7 Þ	
8 F		8 S	Dagur læsis	8 Þ		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 S		8 M		8 L		8 S		8 M		8 F		8 M		8 M	
9 F		9 M		9 M		9 L		9 M		9 F		9 S		9 M		9 F	Skírdagur	9 L	Vorhátíð	9 Þ		9 F	
10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 Þ		10 F		10 M		10 Þ		10 F	Föstudagurinn langi	10 S		10 M		10 F	
11 S		11 M		11 F	Námskeiðsdagur leikskólas	11 M		11 M		11 L		11 Þ		11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	
12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 F		12 S	Páskadagur	12 Þ		12 F		12 S	
13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 F		13 M		13 F		13 F		13 M	Annar í páskum	13 M		13 L		13 M	
14 M	samráð leikskólastjóra	14 L		14 M		14 F		14 L		14 Þ		14 F		14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 Þ	
15 F		15 S		15 Þ		15 F		15 S		15 M	samráð leikskólastjóra	15 L		15 S		15 M		15 F		15 M		15 M	
16 F		16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 M	samráð leikskólastjóra	16 L	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 F		16 S		16 M		16 F		16 L		16 Þ		16 F	
17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 Þ		17 F		17 M		17 Þ	Sóri innritunardagurinn	17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	
18 S		18 M	samráð leikskólastjóra	18 F		18 M		18 M	samráð leikskólastjóra	18 L		18 Þ		18 M	samráð leikskólastjóra	18 L		18 M		18 F	samráð leikskólastjóra	18 L	
19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 S		19 M	samráð leikskólastjóra	19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S	
20 Þ		20 F		20 S		20 M	samráð leikskólastjóra Dagur mannréttinda barna	20 F		20 M		20 F		20 F		20 M		20 M	samráð leikskólastjóra	20 L		20 M	
21 M		21 L		21 M		21 F		21 L		21 Þ		21 F		21 L		21 Þ	Barnamenningarhátíð	21 F	Uppstigningardagur	21 S		21 Þ	
22 F	Leikskólastjórafundur Skólasæting grunnskóla	22 S		22 Þ		22 F		22 S		22 M		22 L		22 S		22 M	samráð leikskólastjóra Barnamenningarhátíð	22 F		22 M		22 M	
23 F		23 M		23 M		23 L		23 M	Þorláksmessa	23 F	Leikskólastjórafundur	23 S	Konudagur	23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti Barnamenningarhátíð	23 L		23 Þ		23 F	
24 L		24 Þ		24 F	Leikskólastjórafundur vetrarleyfi grunnskóla	24 S		24 Þ	Aðfangadagur jóla	24 F	Bóndadagur	24 M	Bolludagur	24 Þ		24 F	Skipulagsdagur	24 S		24 M		24 F	
25 S		25 M		25 F	vetrarleyfi grunnskóla	25 M		25 M	Jóladagur	25 L		25 Þ	Sprengidagur	25 M		25 L	Barnamenningarhátíð	25 M		25 F	Leikskólastjórafundur	25 L	
26 M		26 F	Leikskólastjórafundur Evrópski tungumáladagurinn	26 L	Fyrsti vetrardagur	26 Þ		26 F	Annar í jólum	26 S		26 M	Öskudagur	26 F	Leikskólastjórafundur	26 S	Barnamenningarhátíð	26 Þ		26 F		26 S	
27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 F	Skipulagsdagur	27 M		27 F	Leikskólastjórafundur	27 F		27 M		27 M		27 L		27 M	
28 M		28 L		28 M	vetrarleyfi grunnskóla	28 F	Leikskólastjórafundur	28 L		28 Þ		28 F		28 L		28 Þ		28 F	Leikskólastjórafundur	28 S		28 Þ	
29 F		29 S		29 Þ		29 F	Jólafundur með stjórnendur	29 S		29 M		29 L		29 S		29 M		29 F		29 M		29 M	
30 F		30 M		30 M		30 L		30 M	Skipulagsdagur	30 F				30 M		30 F	Leikskólastjórafundur	30 L		30 Þ		30 F	
31 L				31 F				31 Þ	Gamlársdagur	31 F				31 Þ				31 S	Hvítasunnudagur			31 F	